

**Fundargerð 287. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 8. janúar 2009 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.  
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Eygló Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

**Dagskrá:**

**Fundargerðir:**

1. Fundargerð hreppsnefndar 11. desember 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð hreppsnefndar 30. desember 2008. Samþykkt.
3. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 5. janúar 2008. Samþykkt.

**Til afgreiðslu:**

1. Erindi dags. 18. des. 2008 frá Vaski á bakka ehf með beiðni um minkaveiðisamning með minkasíum í Þorskafjarðará, Fjarðarhornsa og Skálmardalsá. Samþykkt að gera samninginn á sömu nótum og við aðra veiðimenn.
2. Fjárhagsáætlun 2009, fyrri umræða. Áætlunin rædd og vísað til síðari umræðu.

**Mál til kynningar:**

1. Bréf dags. 12. desember 2008 frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands um áhrif fjármálakreppunnar á EBÍ. Kynnt.
2. Bréf dags. 10. desember 2008 frá Vesturbyggð varðandi málssókn gegn Póst- og fjarskiptastofnun. Kynnt.
3. Bréf dags. 8. desember 2008 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með fundargerð stjórnar FV og með afriti bréfs til samgönguráðherra vegna framlengingar útboðstíma vegna háhraðanets. Kynnt.
4. Bréf dags. 2. desember 2008 frá Súðavíkurreppi vegna skertrar pósthjónustu. Kynnt.

**Önnur mál:**

1. Greiðsla verðbóta vegna dýpkunarframkvæmda í Reykhólahöfn. Samþykkt að greiða ekki verðbætur.
2. Bréf dags. 7. janúar 2009 frá Heilbrigðisráðuneytinu með ósk um umsögn sveitarfélagsins vegna áformaðrar sameiningu heilbrigðisstofnana og tölvupóstur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga með ósk um að fá afrit af umsögn sveitarfélagsins ef hún verður veitt. Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar með þeim fyrirvara að þjónusta við íbúa sveitarfélagsins skerðist ekki frá því sem nú er.
3. Ákvörðun húsaleigu fyrir Hólatröð 1. Húsaleiga ákveðin kr. 600 pr. fermetra.. Húsaleiga verðtryggð miðað við byggingavísitölu eins og aðrir húsaleigusamningar hreppsins eru.
4. Athuga um ADSL tengingar í sveitarfélaginu ásamt GSM sambandi. Málið rætt og Gústaf Jökull tekur að sér að kanna stöðu mála og hvað má gera til að bæta þessi mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:00

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)  
Karl Kristjánsson (sign)  
Sveinn Ragnarsson (sign)  
Egill Sigurgeirsson (sign)  
Eygló Kristjánsdóttir (sign)  
Óskar Steingrímsson (sign)